

Skipulagsráð óskar eftir því að fá upplýsingar um áætlanir eignasviðs LSH varðandi framtíðarnýtingu lóða og fasteigna Tilraunastöðvar HÍ í meinafræði að Keldum og Háskólasjúkrahúss Fossvogi.

Skipulagsráð telur að vinna við mótun skipulags þessara reita verði að hefjast sem fyrst enda er gert ráð fyrir að nýbyggingar LSH við Hringbraut rísi hratt og að starfsemi sú sem nú fer fram í ofangreindum stofnunum flytjist þangað. Ákvarða þarf nýtingu lóða og notkun fasteigna sem á lóðunum standa, sérstaklega þó Borgarspítalans.

Skipulagsráð lýsir sig reiðubúið til að skipa sérfræðinga af Skipulagssviði í teymi til að vinna með eignasviði LSH að því að rýna verkefnið og leggja síðan fyrir Skipulagsráð tillögur að skipulagsforsendum sem geta falið í sér breytta notkun og hugsanlega uppbyggingu.

Greinargerð

Með nýjum byggingum Landspítala Háskólasjúkrahúss við Hringbraut mun núverandi byggingarmagn lóðar margfaldast. Inn í þessari uppbyggingu er flutningur á starfsemi Tilraunastöðvar HÍ í meinafræði að Keldum og Háskólasjúkrahúss Fossvogi. Ekki hefur verið upplýst hvaða áform eru uppi um nýtingu fasteigna og lóða þessara tveggja stofnanna en þær standa á lykilsvæðum í borgarlandinu. Gangi framkvæmdaáætlun nýs Háskólasjúkrahúss við Hringbraut eftir er óaðskiljanlegur þáttur í tilflutningi á starfsemi spítalans að finna eldri byggingum, sem þá verða yfirgefnar, nýtt hlutverk og endurskipuleggja lóðir og aðliggjandi reiti með tilliti til breyttrar notkunar. Þetta tvennt verður að vinna samhliða. Ákvarðanir um nýtingu fasteigna og hugsanlegar breytingar á skipulagi ofangreindra reita munu að öllum líkindum hafa áhrif á Aðalskipulag Reykjavíkur sem nú er í endurskoðun.

Ráðið vill benda á að ekki er ásættanlegt að með fasteignir í Fossvogi eða í landi Keldna verði farið eins og sjúkrahúsið á Vífilsstöðum eða yfirlæknisbústaðinn á staðnum sem nú er líklega ónýtur